



Þingeyri 24. ágúst 2021

Til: Fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar

Efni: Ósk um 4 fleiri kennslustundir

Undirrituð sækir fyrir hönd nemenda og kennara í Grunnskólanum á Þingeyri um auka 4 kennslustundir til að geta gengið frá stundaskrá. Vegna fjölda nemenda sem þurfa mikinn auka stuðning vegna náms- og hegðunarörðuleika. Við viljum mæta betur einstaklingsþörfum en samkvæmt Aðalnámskrá ber okkur að koma til móts við nemendur með sérþarfir.

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að nemendur með sérþarfir séu þeir sem eigi erfitt með nám sökum sértækra námsörðuleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir. Bráðgerir nemendur og nemendur, sem búa yfir sérhæfileikum á vissum sviðum, eiga rétt á að fá námstækifæri við sitt hæfi.

Við erum að fara í þróunarverkefni með öðrum skólum Ísafjarðarbæjar, Grunnskólanum í Bolungarvík og Súðavík þar sem við ætlum að innleiða *Leiðsagnarnám*. Markmið Grunnskólans á Þingeyri í þeirri vinnu snúa að fagmennsku kennara og að efla kennslu og nám nemenda. Þannig aukum við gæði kennslu og tryggjum rétt nemenda sem þurfa sérúrræði. Þess vegna óskum við eftir 4 kennslustundum til viðbótar við kennslustundaúthlutun skólaársins 2021-2022.

Með von um að tekið verði jákvætt í þessa beðni

Virðingarfyllt

Erna Hösludsdóttir, skólastjóri G.P.